



**Ræða
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á hátíðarsamkomu í
opinberri heimsókn forsetahjóna
í Bláskógabyggð**

Aratungu, 9. júní 2017

Oddviti og sveitarstjórnarfolk Bláskógabyggðar,
sveitarstjóri,
aðrir góðir gestir.

Það er mér mikil ánægja að fá að ávarpa ykkur hér í dag á 15 ára afmæli sveitarfélagsins. 15 ár er ekki hár aldur, þið eruð nýfermd ef svo má segja, en þá kemur hitt til, að ræturnar eru fornar.

Bláskógabyggð varð til við samruna þriggja sveitarfélaga og skartar nafni með einstakan hljóð, rómantískan og dálítið dulúðugan. Nafnið leiðir hugann að upphafi Íslandsklukkunnar, skáldsögu Halldórs Laxness þar sem við erum minnt í einni málsgrein bæði á hörmulegt hlutskipti íslenskrar alþýðu á fyrri öldum og óviðjafnanlega fegurð Þingvalla:

Að viðstöddum landfógeta, lögmanni og böðli, og manni sem átti að höggva og konu sem átti að drekkja, mátti oft á kyrrum degi um jónsmessubil, í andvara af Súlum og kjarrlykt úr Bláskógum, heyra óm klukkunnar blandinn niði Öxarár.

Þar kom þá aðvífandi í sögu Halldórs sveitungi ykkar, gamall maður með hund, gráskeggjaður og rauðeygur, með stromphúfu og prik, kveðst vera fæddur „hér í Bláskógaheiðinni“ og faðir hans og afi líka. Þegar Sigurður böðull Snorrason segist hafa *bréf* sem heimili sér að höggva niður klukku landsins á Þingvöllum og flytja til Kaupmannahafnar, sjálfa Íslandsklukkuna, maldar sá gamli í móinn: „Og það veit ég (. . .). Bréfin eru orðin mörg. Og það er margt bréfið.“

Þið heimamenn vitið það áreiðanlega betur en ég hvers vegna skógurinn hér var eitt sinn talinn blár, en hitt get ég fullyrt að blágresið blíða er eitt af kennileitum Þingvallasveitar.

Það væri sannarlega freistandi að staldra við stiklur úr aldalangri sögu héraðsins enda lágu eitt sinn allar leiðir til Þingvalla. Þar var háð dómþing og lögþing, en einnig var þar mikilvægur samkomustaður og án efa verslunarstaður þar sem kynni tókust með mönnum, ástir kviknuðu eins og þekkt er t.d. úr Njálu milli þeirra Gunnars á Hlíðarenda og Hallgerðar, bandalög og mægðir voru afráðnar, hólmgöngur háðar; Þingvellir voru staður stórra tíðinda en þar var líka í júní regluleg þjóðarhátíð, útihátíð. Um það vitna fornsögurnar og margvíslegar heimildir sem spanna margar aldir.

Þá má minna á hvert gildi Þingvellir öðluðust sem hugmynd eða ímynd á árum sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á nítjándu öld. Jónas Hallgrímsson og samherjar hans, sem stóðu að tímaritinu Fjölni, vildu að Alþingi yrði endurreist á Þingvöllum eins og skýrast kemur fram í kvæði Jónasar Ísland – „Nú er hún Snorrabúð stekkur, / og lyngið á Lögbergi helga / blánar af berjum hvert ár, / börnum og hröfnum að leik.“ Og hann ögrar hlustendum með samanburði við fornöldina og vænir þá um dáðleysi: „Svona er feðranna frægð / fallin í gleymsku og dá!“

Það er varla hægt að tala lengi um Þingvelli og Bláskógabyggð án þess að fara orðum um Jónas Hallgrímsson jafnvel þó að hann hafi verið Norðlendingur. Því auk kvæðisins um Ísland orti hann eftirminnilega um fjallið Skjaldbreið sem setur svo sterkt svipmót á Þingvallasveit. Kvæðið er á vissan hátt jarðfræðileg lýsing á eldsumbrotum, eins og náttúrufræðingurinn Jónas sá þau fyrir sér. Skjaldbreiður hefur þetta tignarlega dyngjuform, freisting og áskorun fjallamanna og verð ég þá að geta þess að ég gekk einmitt á Skjaldbreið nú um helgina mér til óblandinnar ánægju.

Og verðum við þá ekki líka að hugsa til snillingsins Jóhannesar Kjarvals? Ég er daglega minntur á list Kjarvals á Bessastöðum en þar getur einmitt að líta eitt af Þingvallamálverkum hans, mikinn kjörgríp. Kjarval var af þeirri kynslóð, sem stundum er kennd við ungmennafélögin eða aldamótin 1900 og tók miklu ástfóstri við Þingvelli, stóð á hátindi þegar minnst var þúsund ára afmælis Alþingis á Þingvöllum árið 1930 og landið nýlega orðið fullvalda. Þá var gaman að lifa – og veður til að skapa!

En Bláskógabyggð er meira en Þingvellir; af öðrum stöðum í sveitarfélaginu vil ég sérstaklega halda nafni Laugarvatns á lofti, staðar sem eignaðist mikilvægan sess bæði sem skólasetur og

sumardvalarstaður. Margir athafnamenn og frumkvöðlar gerðu garðinn frægan á Laugarvatni; landsþekktir voru til dæmis Böðvar Magnússon athafnamaður og Ólafur Ketilsson langferðabílstjóri og þjóðsagnapersóna en einnig Haraldur Matthíasson málfræðingur og Jensína Halldórsdóttir sem stjórnaði Húsmæðraskóla Suðurlands í þrjátíu og fjögur ár.

Vísast eru hér einhverjir sem ekki þekkja til þessa fólks en ég get þess til gamans að Böðvar Magnússon var bóndi og hreppstjóri á Laugarvatni fyrir miðja síðustu öld en í Samvinnunni 1943 segir orðrétt: „Laugarvatn er stærsta sveitaheimili á landinu. Þar eru að jafnaði um 200 manns til heimilis.“ Og er Böðvari þökkuð sú mikla uppbygging sem orðið hefur þar á staðnum en einnig átti Ingunn Eyjólfsdóttir kona hans þar stóran hlut að máli; hún var áttundi maður af sinni ætt sem stýrði búi á Laugarvatni.

Dr. Haraldur, sem fyrr var nefndur, var þjóðkunnur maður á sinni tíð og þekktir eru afkomendur hans, þar á meðal Ólafur Haraldsson þjóðgarðsvörður og fyrrum alþingismaður og Haraldur Ólafsson jöklafari og fjallagarður.

Íbúafjöldi í Bláskógabyggð er um eitt þúsund manns og er sá fjöldi nokkurn veginn í meðallagi í þeim skilningi að ef maður raðar sveitarfélögum landsins upp í röð eftir stærð, þá lendið þið nálægt miðju listans eða svolitlu ofar.

En sögulegt gildi svæðisins er svo langt umfram meðallagið að manni liggur við að segja að það sé óráttlát skipting. Ég er nú búinn að minnast á Þingvelli og Laugarvatn en þá er Skálholt ótalið, höfuðstaður landsins forðum og þungamiðja kirkju og mennta í margar aldir. Ykkur vantar ekki merkisstaðina Bláskógafólk!

Náttúruperlurnar Gullfoss og Geysir eru kannski ekki á heimsminjaskrá UNESCO eins og Þingvellir en gætu sem hægst verið þar, og eru einstakir staðir. Ég nefndi áðan að ég sé Þingvelli svo að segja á degi hverjum á Bessastöðum í listaverki Kjarvals en ég get allt eins bætt hinu við að ég er líka daglega minntur á Geysi í bókhöðunni á Bessastöðum því þar stendur í öndvegi ljósmynd af manningum sem gaf íslenska ríkinu Bessastaði; en hann gaf þjóðinni nefnilega líka hlut sinn í Geysi. Þetta er Sigurður Jónasson forstjóri og er við hæfi að minnast þessarar einstöku rausnar Sigurðar í garð þjóðarinnar.

En nú langar mig að vanda kvæði mínu í kross og beina sjónum að nútíð og framtíð héraðsins.

Í dag höfum við Eliza fengið tækifæri til að skoða okkur um hér og höfum kynnst starfsemi á sviði ferðamennsku en einnig heimsótt heilsugæsluna, hitt leikskólabörn, komið á sveitabýli og á nú gleðifund með ykkur hér í Aratungu. Sveitarstjórnarmenn hafa í dag sagt mér sitt hvað frá viðfangsefnum og framtíðarsýn Bláskógabyggðar og það hefur verið einstaklega ánægjulegt að hitta fjölmarga íbúa sveitarfélagsins og kynnst þeirra fjölbættu sjónarmiðum.

Mér finnst mikið koma til þess sem ég hef séð, hér eru gríðarleg tækifæri í tengslum við ferðamennsku ekki síst vegna stórfenglegrar sögu svæðisins og einstæðrar náttúrufegurðar. En eins og komið hefur fram í fjölmiðlum er veruleg þörf á umbótum á vegakerfinu vegna hinnar stórauknu umferðar bifreiða. Sveitarstjórnarmenn Bláskógabyggðar fullyrða að sumir vegir hér séu beinlínis hættulegir en ég vona að mín orð um vegi í héraðinu rati ekki í blöðin fyrir sunnan eins og forðum því þegar forsetar koma í byggðarlög og tala um vonda vegi lyfta menn brúnum í samgönguráðuneytinu!

Í samgöngum og ýmsu öðru fylgja nýjar áskoranir og margvísleg ný verkefni hinum aukna straumi ferðamanna. Oft er rætt um snyrtiaðstöðu sem byggja þarf upp á ferðamannastöðum, en uppbygging innviða snýst einnig um bætt aðgengi að alnetinu enda þykist ég vita að ferðamönnum finnist sumum hverjum brýn nauðsyn að senda út kvikmyndir af sér í rauntíma á samfélagsmiðlum þegar þeir skoða Gullfoss eða Strokk. Þannig er nútíminn. Snapchat.

Ég veit að á ýmsu hefur gengið í skólasterfi hér í Bláskógabyggð en gott er að heyra að á Laugarvatni stendur víst til að koma á fót rannsóknasetri. Vísast leynist einnig ýmis tækifæri á sviði menntunar og rannsókna í tengslum við ferðaþjónustu á þessu svæði en áætlað er t.d. að rúmlega 600.000 erlendir ferðamenn hafi heimsótt Suðurland í fyrra. Þá var Ferðamálastofa að reikna með að um 530.000 komi að Geysi og Gullfossi en tæp 457.000 á Þingvelli. Þetta eru afar háar tölur þegar horft er til íbúafjölda hvort heldur sem er í sveitarfélaginu eða á landinu öllu.

Varðandi ferðageirann er brýnt að hafa hugfast að þar þarf að vanda vel til verka ekki síður en í öðrum atvinnugreinum, forðast skyndilausnir og skammtímagræðgi. Í vetur kom ég að verkefni sem fólst í að kynna sáttmála um ábyrga ferðaþjónustu sem Festa og Íslenski ferðaklasinn standa að. Þar er lögð áhersla á að við viljum ganga vel um náttúruna, við þurfum að tryggja öryggi gesta okkar og koma fram við þá af háttvísi, við þurfum að virða réttindi starfsfólks og ferðaþjónustan þarf að hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið. Ég þykist vita að mörg fyrirtæki hér um slóðir hafi

gerst aðilar að þessu verkefni og áréttu að þetta eru allt mikilvæg markmið sem geta stuðlað að farsælli ferðapjónustu til langframa.

Mig langar að lokum fyrir hönd okkar Elizu að þakka ykkur öllum kærlega fyrir þessa skemmtilegu dagskrá hér í dag, þakka ykkur fyrir þennan samfund hér í Aratungu og ykkur öllum sem tókuð á móti okkur á ýmsum stöðum í þessari opinberu heimsókn. Ég óska ykkur öllum, íbúum Bláskógabyggðar, gæfu og gengis um alla framtíð.